



## Leiðbeiningar fyrir rekstraraðila vegna samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla

Í lögum um leikskóla og grunnskóla, sem tóku gildi 1. júlí 2008, er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Eitt af markmiðum þessarar heimildar er að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna.

Meginmarkmið þessara leiðbeininga er að auðvelda sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum að meta kosti samreksturs og hvernig best er að undirbúa og koma á slíkum breytingum. Leiðbeiningarnar taka til faglegra og rekstrarlegra sjónarmiða sem og atriða í kjarasamningum LN við KÍ vegna SÍ annars vegar og FL hins vegar.

Ávinningur af samrekstri skóla getur m.a. verið

- samræmd fagleg uppbygging
- aukin skilvirkni í stjórnun
- hagræðing í rekstri

Áður en hafist er handa við undirbúning samreksturs skóla er nauðsynlegt að skilgreina, hvaða ávinningi stefnt er að. Þegar ákvörðun er tekin um samrekstur er mikilvægt að hafa gott samráð við foreldra og starfsmenn skólanna m.a. í gegnum skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla. Sveitarstjórn/rekstraraðili skal tryggja að við ákvarðanatöku um samrekstur skóla liggja fyrir áætlun um skipulag samrekstursins og markmið.<sup>1</sup>

Tryggt skal að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi við skipulagninguna.

### 1. Starfsmannamál

Sveitarstjórn/rekstraraðili ber ábyrgð á að upplýsa starfsfólk og aðra hagsmunaaðila um fyrirhugaðar breytingar, ástæður breytinganna og hvaða árangri stefnt er að með eðlilegum fyrirvara.

Mikilvægt er að huga sérstaklega að starfsmannamálum þegar breytingar eru ákveðnar og gefa starfsfólki færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Til að tryggja árangur er mikilvægt að virkja starfsfólk til þátttöku í stefnumótun og skipulagningu.

---

<sup>1</sup> Hér er vert er að benda á ritið *Sameining stofnana og tengdar breytingar*, sem fjármálaráðuneytið gaf út árið 2008. Ritið má nálgast á [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Sameining\\_rikisstofnana.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Sameining_rikisstofnana.pdf).

## **2. Stjórnendur**

Samkvæmt fyrrgreindum lögum skal samrekinn skóli starfa í samræmi við lög um viðkomandi skólastigi og skal skólastjóri slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi.

Aðrir stjórnendur en skólastjóri skulu hafa leyfisbréf til kennslu á viðkomandi skólastigi, samanber lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna nr. 87/2008 til að tryggja faglega stjórnun á hverju skólastigi.

Vakin er athygli á þeirri meginreglu að auglýsa skuli laus störf. Áður en störf stjórnenda eru auglýst þurfa að liggja fyrir skipurit samrekins skóla og starfslýsingar stjórnenda.

## **3. Skilgreint hlutverk stjórnenda**

Til að tryggja skilvirka stjórnun er mikilvægt að hlutverk og ábyrgðarsvið allra stjórnenda séu skilgreind, þá er átt við skólastjóra og millistjórnendur. Komið er inn á stjórnun og tengd atriði í 7. gr. grunnskólalaga um skólastjóra og 5. gr. leikskólalaga um leikskólastjóra. Um fyrirkomulag stjórnunar í samreknum skóla fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

## **4. Samstarf og samþætting milli skólastiga**

Með samrekstri skóla eykst möguleiki á faglegu samstarfi og samþættingu. Við stefnumótun samrekins skóla þarf að skilgreina markmið og þann árangur sem stefnt er að, skipuleggja samstarfið milli skólastiga og samræma reglur, leiðbeiningar og verkferla fyrir starfsmenn.

## **5. Skólaráð**

Við samrekinn skóla er æskilegt að starfi eitt skólaráð þar sem sitja fulltrúar starfsmanna og foreldrar barna á leik- og grunnskólastigi. Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða.

## **6. Möguleikar til hagræðingar**

Huga þarf að hagkvæmri nýtingu húsnæðis, mötuneyta, skólaaksturs og annarra þátta eftir því sem við á.

## **7. Laun skólastjórna**

Skólastjóri samrekins skóla tekur laun samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ vegna þess félags sem hann á aðild að. Vísað er til samkomulags aðila um laun stjórnenda í samreknum skólum.